

REGLUR

um maka- og umönnunarbætur.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða maka elli- eða örorkulífeyrisþega makabætur sem eru allt að 80% af grunnlífeyri og tekju-tryggingu almannatrygginga. Jafnframt er heimilt, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, að greiða öðrum sem halda heimili með elli- eða örorkulífeyrisþega umönnunarbætur sem nema sömu fjárhæð og makabætur.

2. gr.

Heimilt er að greiða maka- eða umönnunarbætur, sbr. 1. gr., ef um er að ræða sameiginlegt lögheimili lífeyrisþega og þess sem annast um hann. Jafnframt skal sýnt fram á tekjuleysi eða tekjutap umsækjanda eða lífeyrisþega.

3. gr.

Umsókn um maka- eða umönnunarbætur skal fylgja læknisvottorð þar sem tilgreind er umönnunarpörf lífeyrisþegans. Jafnframt skal lögð fram staðfesting á tekjutapi eða tekjuleysi.

4. gr.

Heimilt er að greiða maka- eða umönnunarbætur í allt að tvo mánuði til viðbótar þegar lífeyrisgreiðslur falla niður vegna sjúkráðsvisstar, sbr. 5. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

5. gr.

Bætur samkvæmt reglum þessum skulu ekki ákvarðaðar til lengri tíma en sex mánaða í senn. Séu fyrir hendi skilyrði fyrir áframhaldandi greiðslu bóta skal umsækjandi skila inn gögnum þar að lútandi til Tryggingastofnunar ríkisins.

6. gr.

Ekki er heimilt að greiða maka- eða umönnunarbætur á sama tíma og greidd er frekari uppbót á lífeyri vegna mikils umönnunarkostnaðar.

7. gr.

Sækja skal um bætur samkvæmt reglum þessum hjá Tryggingastofnun ríkisins og skulu umsóknir vera á eyðublöðum stofnunarinnar eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar. Umsækjanda er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um veitingu bóta.

Um umsóknir og framkvæmd að öðru leyti fer skv. 47. og 48. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 5. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 31. maí 2002.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.